




Sorphirðuhandbók 2015

Við hugsum áður en við hendum

Fjallabyggð



Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Mikilvægi endurvinnslu.....	3
Breytingar á flokkun í Grænu tunnuna.....	4
Græna tunnan - endurvinnanlegt.....	5
Gráa tunnan - almennt sorp.....	10
Brúna tunnan - lífrænn eldhúsúrgangur.....	10
Hvað verður um hráefnið sem fer í Grænu tunnuna?.....	11
Hráefni í Grænu tunnunni.....	12
Gámasvæði í Fjallabyggð.....	13
Staðsetning gámasvæða.....	14
Sorpirðudagatal 2015.....	..bak á bók



Inngangur

Mikilvægi sorpflokkunar á heimilum og hjá fyrirtækjum í landinu verður stöðugt áþreifanlegri. Með flokkun drögum við úr magni sorps sem þarf að urða og aukum með því nýtingartíma urðunarstaðanna til muna.

Fram til 1. mars 2011 var almennu sorpi frá Fjallabyggð ekið á urðunarstað í Glerárdal við Akureyri. Þeim stað var þá lokað og sorpinu er nú ekið á nýjan urðunarstað við Blönduós. Aukin vegalengd hefur óhjákvæmilega í för með sér aukin útgjöld sveitarfélagsins vegna flutninga á sorpi.


Íbúar Fjallabyggðar hafa nú flokkað heimilissorp síðan í desember 2009. Með góðri flokkun er hægt að draga úr urðun sem nemur um 70% af heildarmagni. Almenn er talið að endurvinnanlegur hluti heimilissorps sé 30-35%, lífrænn úrgangur 30-35%. Almenn sorp sem sent er til urðunar ætti því eingöngu að vera um 30-40%.

Í þessari handbók eru leiðbeiningar um flokkun og frágang heimilissorps í Fjallabyggð ásamt umfjöllun um endurvinnslu þeirra hráefna sem íbúar sveitarfélagsins flokka í grænu og brúnu tunnumar.

Það er von okkar að bókin nýtist íbúum vel. Ef spurningar vakna varðandi sorpmál sveitarfélagsins sem bókin svarar ekki þá er hægt að hafa samband við Íslenska Gámafélagið í síma 577 5757 eða fara á heimasíðuna flokkarinn.is en þar má finna fróðleik um flokkun og endurvinnslu.

Kveðja,

Starfsfólk Íslenska Gámafélagsins.



Mikilvægi endurvinnslu



Eitt af þeim vandamálum sem við glímum við sem íbúar jarðar er yfirvofandi skortur á auðlindum. Vegna fólksfjölda og aukinnar neyslu göngum við hratt á þær. T.d. þarf tré við framleiðslu pappírs, en einnig er hægt að búa hann til úr notuðum pappír sem sendur hefur verið til endurvinnslu. Með því að endurvinna og viðhalda þannig hringrás hráfnisins erum við að

takmarka þörfina á að ganga á auðlindir jarðarinnar.

Gríðarleg framþróun hefur verið á endurvinnsluleiðum á mismunandi sorpflokkum á liðnum árum. Hingað til hefur það sem í daglegu tali nefnist sorp fengið á sig neikvæða merkingu og kallað fram hugmyndir um eitthvað sem er einskis virði.

Því fer vissulega fjarri að heimilissorp geti talist með öllu verðlaust. Dæmið um pappírinn hér að ofan á einnig við um aðra endurvinnanlega flokka eins og málma, pappa og plast. Alla þessa flokka er hægt að nýta aftur, búa þannig til verðmæti og spara auðlindir Jarðar - að því gefnu að við flokkum í Grænu tunnuna.

Ruslapoki fullur af rusli er ekki mikils virði. Hann hefur í för með sér að sveitarfélagið þarf að greiða urðunargjöld, sem fara stöðugt hækkandi. Það er kappsmál hvers sveitarfélags að leita leiða til að draga úr kostnaði við förgun. Með því að endurvinna dregur sveitarfélagið úr kostnaði við sorpförgun.

Með þriggja tunnu kerfinu er herjað á sorppokann úr tveimur áttum. Annars vegar með því að flokka endurvinnanlegt hráefni frá sorpinu og koma til endurvinnslu. Hinsvegar er lífrænn úrgangur flokkaður frá og sendur í jarðgerð. Með því tekst að draga úr því magni sem fer til urðunar, draga úr kostnaði og spara auðlindir, umhverfinu til hagsbóta.



Breytingar á flokkun í Grænu tunnuna!

Eitt af markmiðum með Grænu tunnu Íslenska Gámafélagsins, er að gera flokkun einfalda og aðgengilega fyrir notendur eins og hægt er án þess að draga úr endurvinnslugildi þeirra hráefna sem til okkar koma. Mikil umræða hefur skapast um gildi þess að draga úr plastpokanotkun fyrir umhverfið og við hjá Íslenska Gámafélaginu ákveðið að leggja okkar af mörkum þar.

Breytingin á flokkunarreglum í Grænu tunnuna felur í sér að hætta að setja málma og fernur/sléttan pappa í plastpoka. Þetta einfaldar flokkunina og gerir hana þægilegri fyrir notendur Grænu tunnunar og umhverfisvænni um leið.

Bylgjupappi, skrifstofupappír, dagblöð, tímarit og málmar mega fara beint í tunnuna. Fernur, málma og plast þarf að skola áður en hráefnin fara í tunnuna. Þá er æskilegt að raða fernum hverri ofan í aðra þannig að þær myndi bunka. Stórar plastumbúðir mega einnig fara beint í tunnuna, en æskilegt er að setja þær minni í gegnsæjan poka.

ATH - Mikilvægt er að hafa í huga að óhreint hráefni hentar ekki til endurvinnslu og ætti að fara með almennu rusli.

Hér til fyrir neðan eru leiðbeiningar sem skýra betur hvernig skal ganga frá hráefnunum í tunnuna.



Græna tunnan - Endurvinnanlegt



Allir íbúar Fjallabyggðar eru með Græna tunnu við heimili sitt undir þann hluta heimilisúrgangs sem er endurvinnanlegur.

Mikilvægt er að gengið sé frá hráefninu samkvæmt meðfylgjandi leiðbeiningum, annars er hætt við að hráefnið verði óhæft til endurvinnslu og endi í urðun.

Nánari útskýringar á því sem fer í Grænu tunnuna er að finna í leiðbeiningum á opnu handbókarinnar og á flokkarinn.is.

Það sem fer í Grænu tunnuna skiptist í eftirfarandi flokka:

Dagblöð/tímarit	—	beint í tunnuna
Bylgjupappi	—	beint í tunnuna
Fernur/Sléttur pappi	—	beint í tunnuna*
Plastumbúðir	—	beint í tunnuna*
Minni málmhlutir	—	beint í tunnuna

Hreinsið umbúðir vel og skolið fernur

* Gott er að fylla fernu með mörgum fernum/sléttum pappa og setja þær þannig beint í tunnuna. Gott er að setja smáa plasthluti í gegnsæjan poka.



- ATH -
Rafhlöður og gler má ekki setja í Grænu
tunnuna
heldur skila á gámasvæði.

Með því að flokka heimilissorp minnkar þú rúmmál þess sorps sem þarf að urða. Það sparar landrými á urðunarstöðum umtalsvert. Niðurbrot er afar hægt við aðstæður eins og eru á Íslandi. Einnig er vert að líta til þess hversu miklu munar í orkusparnaði, efniskostnaði o.fl. þáttum í endurvinnslu, t.d. á málmum og pappír. Með því að flokka sorp leggur þú þitt af mörkum. Þannig getum við skilað landinu hreinu og fallegu til komandi kynslóða.

Á opnunni eru leiðbeiningar sem má
rífa úr bókinni og hengja upp!



Rífið varlega svo bókin skemmist ekki

FLOKKUNARTAFLA

GRÆNA TUNNAN

Flokkur	Hvað tilheyrir flokknum	Frágangur
 Bylgjupappi	Allir pappakassar sem hafa bylgjaðar brúnir, t.d. pizzakassar.	Best að leggja saman pappakassa til að minnka rúmmál. Má fara beint í Grænu tunnuna .
 Dagblöð/tímarit	Dagblöð, tímarit, umslög skrifstofupappír og annar prentpappír.	Beint í Grænu tunnuna .
 Fernur/sléttur pappi	Fernur og aðrar umbúðir úr sléttum pappa, t.d. morgunkornspakkar, eggjabakkar og hólkar innan úr pappírsrúllum.	Fjarlægja matarleifar og skola fernur. Fer beint í Grænu tunnuna . Gott er að fylla fernu með mörgum fernum.
 Plastumbúðir	Allar umbúðir úr hörðu eða mjúku plasti, t.d. plastpokar, hreinsiefnabrusar, skyrdósir og plastfilma.	Fjarlægja matar- og efnaleifar. Smáhlutir fara í Grænu tunnuna í gegnsæjum plastpoka. Stærri hlutir fara beint í tunnuna
 Málmur	Smáhlutir úr málm, t.d. niðursuðudósir, álpappír, krukulok og sprittkertakoppar.	Fjarlægja matarleifar. Má fara beint í Grænu tunnuna .

Óendurvinnanlegur úrgangur fer í tunnu fyrir almennt sorp. Dæmi: Gler, ryksugupokar, bleiur, frauðplast, umbúðir úr blönduðu hráefni, umbúðir sem ekki er hægt að hreinsa o.fl.

FLOKKUNARTAFLA

BRÚNA TUNNAN



Lífrænt heimilissorp

Í **Brúnu tunnuna** fara m.a. allir matarafgangar, plöntur o.fl. lífrænt sem fellur til á heimilinu. Nauðsynlegt er að setja lífrænan úrgang í **jarðgerðarpoka** (maispokann) áður en hann er settur í tunnuna.

Dæmi um það sem fer í **Brúnu tunnuna**:



Ávextir



Grænmeti



Brauð



Hrísgrjón o.fl. kornmeti



Kaffikorgur og kaffifilter



Ostur og annað ólegg



Fiskur



Eggjaskurn



Tepokar



Kjötafgangar*



Pasta



Tannstönglar



Afskorin blóm



Eldhúspappír



Kartöflur


Stór bein, t.d. bein af lambalæri, jarðgerast mjög hægt, því er æskilegt að þau fari með almennu sorpi.

Á opnunni eru leiðbeiningar sem má
rífa úr bókinni og hengja upp!



Rífið varlega svo bókin skemmist ekki

Gráa tunnan - Almennt sorp



Almennt sorp er í raun blandaður úrgangur frá fyrirtækjum og heimilum. Þetta er að mestu úrgangur sem ekki getur flokkast í skilgreindan endurvinnsluferil og er þar af leiðandi óendurvinnanlegt. **Dæmi um almennt sorp frá heimilum er t.d. bleiur, umbúðir úr blönduðu hráefni (t.d. plastumbúðir með álfilmu sem ekki er hægt að skilja frá), umbúðir sem ekki er hægt að hreinsa o.fl.**

Almennt heimilissorp er sett í Gráu tunnuna en hún er losuð samkvæmt sorphirðudagatali sem er aftur í þessu riti sem og á heimasíðu sveitarfélagsins. Innihaldið í Gráu tunnunum er eina sorpið sem sent er til urðunar.

Brúna tunnan - Lífrænn úrgangur



Brúna tunnan er ætluð undir lífrænan eldhúsúrgang. Allir matarafgangar sem falla til á heimilinu og annar lífrænn úrgangur má fara í þennan flokk. **Dæmi um lífrænan úrgang frá heimilum er t.d. afskurður af ávöxtum, kjöti eða fisk. Brauðmeti, kaffikorgur, tannstönglar, tepokar og þess háttar.** Lífrænum úrgangi er safnað innandyra í maíspoka sem brotna niður við jarðgerðina. Mjög mikilvægt er að nota ekki poka úr plasti þar sem þeir brotna ekki niður og geta valdið tjóni í jarðgerðarstöðinni.



Ávextir



Grænmeti



Kjöt og fiskur



Eggjaskurn



Brauð



Hrisgrjón



Kaffikorgur



Ostur

Hvernig er hráefnið endurunnið?



Furnur og sléttur pappi

Þegar hráefnið kemur til flokkunarmiðstöðvar Íslenska Gámafélagsins er það flokkað sér og sett í pressu sem baggar furnur og sléttan pappa í 800 kg bagga. Að því loknu er þeim hlaðið í gám, hann innsiglaður og komið áleiðis til endurvinnsluaðila.

Þegar við komuna er pappinn flokkaður eftir eiginleikum og gerð. Þegar það er búið eru hægt að fara að hefja endurvinnsluna. Það er gert í eftirfarandi stigum:

1. Böggunum er komið fyrir í svokölluðum blandara, einskonar risastór heimilisblandari.
2. Vatni er blandað við hráefnið.
3. Blandan er hrærð í 20 mínútur.
4. Þetta ferli brýtur niður umbúðirnar í grá-brúna hræru.
5. Álið og plastfilman eru skildar frá pappatrefjunum.
6. Trefjarnar eru nýttar áfram til að búa til nýjar pappavörur.
7. Það sem eftir er af plasti og áli er hægt að nota í húsgagnagerð, orkuvinnslu (brennsla) eða aðskilja það í hreint ál og paraffinolíu.



Dagblöð, tímarit og gæðapappír

Fyrsta skrefið í endurvinnslu á pappír er að ná burtu bleki. Blöðin eru sett í bað með blekhreinsi. Eftir að blekið er leyst upp fara blaut blöðin í hreinsunarferli. Þar eru allir aðskotahlutir teknir frá eins og hefti, bönd og annað. Þrátt fyrir hreinsunarferlið er pappírinn ekki jafn hvítur og sterkur eins og þegar hann var nýr. Næsta skref er því að bleikja pappírinn til að fá hann hvítan og lausan við öll litarefni. Á meðan á því ferli stendur er litlu magni af nýjum viðarmassa bætt í hræruna. Þá er pappírinn farinn að taka á sig sína réttu mynd. Hann er orðinn laus við blek og orðinn nógu sterkur til að hægt sé að móta hann aftur. Þá er pappírnum komið fyrir í vökvavindu sem dregur mest af öllum vökva úr. Að því loknu er pappírinn straujaður og pressaður í nýjan pappír. Honum er svo rúllað upp í stórar rúllur og er þá tilbúinn til notkunar á nýjan leik.

Hráefnið í Grænu tunnunni!

Bylgjupappi

Pappinn er settur í böggunarvél sem þjappar pappanum í 800 kg bagga sem síðan er hlaðið í gám til útflutnings. Í endurvinnsluferlinu er bylgjupappinn leystur upp í trefjar sem nýttar eru til að búa til nýjan bylgjupappa. Hægt er að endurvinna bylgjupappa allt að 7 sinnum!



Málmar

Endurvinnsla málma er löngu þekkt en eðalmálmar eins og gull og silfur hefur jafnan verið brætt upp aftur og notað á nýjan leik. Málmar tapa engum gæðum við endurvinnslu og því má endurvinna málma aftur og aftur. Málmar eru flokkaðir eftir tegundum og sendir út til málmendurvinnslufyrirtækja. Þess má geta að einungis 5% þeirrar orku sem þarf til frumvinnslu á áli þarf til að endurvinna ál.



Vissir þú!

Að það þarf 17 tré til að búa til eitt tonn af pappír?

Gámasvæðið í Fjallabyggð

Á Siglufirði og Ólafsfirði eru gámasvæði þar sem hægt er að losa sig við sorp sem ekki rúmast í tunnunum. Þar eru starfsmenn sem aðstoða íbúa Fjallabyggðar við að koma réttum flokkum í rétta gáma.

Á gámasvæðunum greiðir atvinnurekstur fyrir móttöku alls úrgangs að undanskyldum málum og þeim úrgangsflokkum sem bera úrvinnslugjald; þ.e. bylgjupappi, sléttur pappi, hjólbarðar, og plastumbúðir.

Almenningur og húsfélög greiða fyrir úrgang sem ekki getur talist falla til við daglegan heimilisrekstur. Það á m.a. við um úrgang frá byggingu eða breytingu íbúðarhúsnæðis og lóða.

Það er markmið Íslenska Gámafélagsins að koma sem mestu af því sem kemur inn á gámasvæðið til endurvinnslu. Í töflunni hér að neðan má sjá dæmi um hvaða flokkum hægt er að skila á gámasvæðin. Það er að allra hagur að flokka úrganginn áður en komið er á stöðina en það getur lækkað kostnað við förgun.

				
Rafgeymar	Spilliefni	Málmur og brotamálmur	Skrifstofupappír	Rúllubaggaplast
				
Rafhliður	Dagblöð og tímarit	Bylgjupappi	Hjólbarðar	Fernur
				
Lifrænt heimilissorp	Grófur úrgangur	Gler, postulín og flísar	Almennt heimilissorp	Málað timbur

Staðsetning gámasvæða í Fjallabyggð



★ Stjörnur sýna staðsetningu gámasvæðanna.

Sorphirða í Fjallabyggð 2015

Fjallabyggð



apríl						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

maí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

júní						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

júlí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

ágúst						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

september						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

október						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

nóvember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30					

desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

Birt með fyrirvara um breytingar á dagatalinu.

Athygli er vakin á því að losunardagar geta riðlast vegna utanaðkomandi þátta eins og veðurs. Hreinsun fer þá fram við fyrsta tækifæri.

Brún tunna - Siglufjörður
Grá tunna - Siglufjörður
Græn tunna - Siglufjörður

Brún tunna - Ólafsfjörður
Grá tunna - Ólafsfjörður
Græn tunna - Ólafsfjörður

